Málsástæður: Úrslit héraðsdómsmálsins E-1362/2014 í aðalsök skipta meðalgöngustefnanda máli að lögum en hann á fyrir höfðun meðalgöngusakar ekki aðild í aðalsök. Er efnislegum skilyrðum 20 gr. laga nr. 91/1991 fyrir meðalgöngu í aðalsök því fullnægt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 121/2016 er beinlínis vikið að því að meðalgöngustefnandi eigi ekki varnaraðild vegna kröfugerðar stefnenda á hendur stefnda Kópavogsbæ í héraðsdómsmáli nr. E-1362/2014.

Bent skal á að það hefur því ekki óhagræði í för með sér að heimila stefnanda meðalgöngu í málinu nr. E-1362/2014 þar sem kröfur meðalgöngustefnanda um bætur vegna eignarnámsins frá 2007 eru af sömu rót runnar og kröfur stefnenda í aðalsök. Það veldur ekki sérstöku óhagræði fyrir stefnda Kópavogsbæ hvort hann haldi uppi vörnum gagnvart fjárkröfum meðalgöngustefnanda eða aðalstefnenda vegna sama eignarnáms. Varnir stefnda Kópavogsbæjar byggja meðal annars á því að meðalgöngustefnandi eigi þá hagsmuni sem mál þetta snýst um en ekki db. Sigurðar Kr. Lárussonar Hjaltested sem aðalstefnendur gera kröfu um að verði dæmdur bótarétturinn. Því mótmælir meðalgöngustefnandi og krefst þess að bætur fyrir eignarnám skv. eignarnámsgerð frá 30. janúar 2007 renni til meðalgöngustefnanda í stað dánarbús Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested.

Stefndi Kópavogsbær lagði fram matsbeiðni í héraðsdómsmálinu nr. E-1362/2014 þann 11. júlí 2016 þar sem krafist var mats á verðmæti óbeinna eignaréttinda meðalgöngustefnanda. Umfang og virði óbeinna eignaréttinda meðalgöngustefnanda er þungamiðja málsins og brýnt að úr því álitafni verði leyst með aðild eiganda réttindanna að aðalsök málsins.

Í málatilbúnaði aðalstefnenda í máli E-1362/2014 er vikið að réttindum meðalgöngustefnanda og um þau fjallað með efnislegum hætti í stefnu. Ekkert sérstakt réttarfarslegt

óhagræði er því fyrir aðalstefnendur að meðalganga verði heimiluð í máli þessu. Í dómi Hæstaréttar frá 16. mars 2016 í máli nr. 121/2016 dæmdi Hæstiréttur að meðalgöngustefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því hve viðtækar eignarheimildir hans til jarðarinnar Vatnsenda séu á grundvelli erfðaskrárinnar. Í dómi Hæstaréttar segir að úrlausn þess ráðist fyrst og fremst af skýringu á ákvæðum erfðaskrárinnar og síðan eftir atvikum af mati á því tjóni sem handhafi hinna óbeinu eignaréttinda hafi orðið fyrir vegna umrædds eignarnáms. Samkvæmt tilvitnuðum dómi Hæstaréttar eru réttindi og skyldur meðalgöngustefnanda til úrlausnar í aðalsök máls þessa og er óumflýjanlegt að hann krefjist aðildar að aðalsök málsins og dóms um mikilsverð fjárhagsleg réttindi sín.

Rekstur máls E-1362/2014 er á því stigi að beðið er niðurstöðu matsmanna vegna þriggja matsbeiðna og var í þinghaldi 18. október sl. áætlað að matsstörfum myndi ljúka 29. mars 2017. Á útgáfudegi stefnu þessarar hafa matsmenn ekki enn boðað til matsfundar og næsta ljóst að matsstörfum verði ekki lokið 29. mars 2017. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að verði meðalgöngustefnanda heimiluð meðalgangan mun það ekki valda töfum á rekstri máls E-1362/2014.

Fjárhæð dómkröfu meðalgöngustefnanda: Meðalgöngustefnandi gerir kröfu um að honum verði dæmdar kr. 29.791.702.520 auk vaxta eins og tilgreint er í dómkröfu. Stefndi Kópavogsbær greiddi kr. 250.000.000 inn á kröfuna 1. febrúar 2007 og kr. 2.000.000.000 9. febrúar 2007 og er þeirra getið í kröfugerð. Krafist er eignarnámsbóta fyrir missi óbeinna eignaréttinda vegna eignarnáms frá janúar 2007 og ganga fjárkröfur meðalgöngustefnanda framar fjárkröfum aðalstefnanda og víkja þeim til hliðar. Þetta leiðir af því að beinn eignaréttur er sú afgangsstærð, sem eftir er, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra eignarheimilda sem meðalgöngustefnandi missti.

Vegna missis afnotaréttar af 274,4 ha svæði norðan Heiðmerkur miðar stefnandi að þar rúmist örugglega framtíðaríbúðabyggð fyrir um 7.000 – 8.000 íbúa. Í endurriti fundargerðar bæjarstjórnarfundar frá 23. janúar 2007 á bls. 7 segir framsögumaður að á svæðinu öllu megi reikna með 7000-8000 manna byggð. Kópavogsbær miðar við í áætlunum sínum að í hverri íbúð séu að meðaltali 2,5-2,7 íbúar. Það gerir um 2.700 íbúðir sé miðgildið valið og miðað við 7.000 íbúa. Í gildandi aðalskipulagi fyrir Kópavog er gert ráð fyrir 900 íbúðum í Vatnsendahlíð og rauntölur í ársbyrjun 2012 fyrir Vatnsenda sýna 2,7 íbúa í hverri íbúð. Miðað er við að byggja megi tvö sambærileg hverfi í eignarnámslandinu til viðbótar og er skipulagið fyrir Vatnsendahlíð haft til fyrirmyndar.

Meðalgöngustefnandi miðar við að land sem þarf undir lóðir fyrir 2.700 íbúðir í blandaðri byggð sé um 130 ha. Samkvæmt erfðaskránni má meðalgöngustefnandi leigja út lóðir úr eignarnámslandinu undir hús, leikvelli og annað, gegn árlegu afgjaldi sem hæfilegt þykir á hverjum tíma. Á því er byggt að í janúar 2007 hafi mátt krefja að meðaltali um kr. 10.000.000 í lóðagjald eða upphafsleigugjald pr. íbúð. Lítið er til viðmiðunarverða á leigulóðum í Urriðaholtislandi, en þar var meðalverð kr. 11.250.000 (þegar dýrustu lóðirnar eru undanskildar). Meðal yfirtökugjöld í Vatnsendahlíð sem auglýst voru í september 2007 reiknast kr. 7.950.000, en mikil umframeftirspurn var eftir lóðum og á því byggt að leiða megi í ljós að markaðurinn hafi verið reiðubúinn til að greiða hærri verð en kr. 7.950.000 að meðaltali fyrir leigulóðaréttindi í Vatnsendahlíð á þessum tíma.

Þá er einnig stuðst við matsgerð Sverris Kristinssonar og Halldóru Kristínar Bragadóttur í matamálinu M-1/2010 frá desember 2010. Þar voru leigulóðir undir 307 sérbýlishúsaeyningar metnar á verðlagi í janúar 2007 að virði kr. 17.065.146 hver lóð, að meðtöldum kostnaði vegna gatnagerðar. Í sömu matsgerð voru 323 lóðir en undir lítillaga breyttu skipulagi metnar á verðlagi sama tíma kr. 17.433.436 hver lóð. Þá styður stefnandi fjárhæð bótakröfu við fjölda samninga stefnda Kópavogsbæjar við leigutaka meðalgöngustefnanda þar sem sveitarfélagið leysti til sín leigulóðaréttindi sem fyrir voru á eignarnumdu landi með peningagreiddslu eða öðrum lóðauðhlutunum. Loks styður stefnandi kröfufjárhæð sína við frjálsa samninga þar sem leigulóðaréttindi voru seld frjálsri sölu manna á milli á því árabili er um ræðir. Lagt er til grundvallar í kröfugerð meðalgöngustefnanda að kostnaður við gatnagerð, lagnir og því um líkt verði innheimtur sérstaklega frá leigutökum lóðanna.

Til viðbótar við upphafsleigugjald til meðalgöngustefnanda greiðist lóðaleiga til hans sem var kr. 62,13 pr. fermetra í janúar 2007. Leigusamningar sem meðalgöngustefnandi hefur gert eru til 70 ára og í lok þess leigutíma má endurnýja leigusamningana, þá gegn endurgjaldi sem hæfilegt getur talist þegar þar að kemur til þáverandi rétthafa jarðarinnar. Árlegt leigugjald er verðtryggt og reiknast í dag kr. 102,08 en miðað er við verðskrá meðalgöngustefnanda sem er að grunni til frá árinu 2001 og miðar við vísitölu neysluverðs og er grunnvísitalan 193,3 stig.

Upphafsgjald fyrir leigulóðir undir 2700 íbúðir reiknast vera 27.000.000.000 miðað við verðlag í janúar 2007. Þá reiknast árleg leiga að minnsta kosti kr. 80.769.000 ($1.300.000 \cdot 62,13 = 80.769.000$) og sú leigufjárhæð í 70 ár gerir þá kr. 5.653.830.000. Við framreikning leigunnar til núvirkis er nauðsynlegt að taka tillit til þess að leigan verðbætist og hækkar árlega til samræmis við vísitölu neysluverðs. Að liðnum 70 ára leigutíma er komið að endurnýjun leigusamninganna og þarf því að reikna með leigutekjum lengur en upphaflegt leigutímabil við mat á tjóni meðalgöngustefnanda.

Þá var í deiliskipulagi fyrir Vatnsendahlíð gert ráð fyrir fimm atvinnuhúsaeyningum á 2 ha svæði. Er miðað við að leigja megi út alls 6 ha. undir atvinnuhúsnæði á eignarnámslandinu öllu. Meðalgöngustefnandi hefur ekki upplýsingar um yfirtökugjöld atvinnuhúsnæðis í Vatnsendahlíð en miðar í stefnu þessari við sömu yfirtökugjöld og í Tónahvarfi II kr. 14.300 á fermetra í lóð árið 2007. Atvinnulóðirnar voru 20.000 fermetrar sem gerir kr. 286.000.000 í yfirtökugjöld sem eru sambærileg upphafsgjaldi meðalgöngustefnanda. Alls gerir þetta kr. 858.000.000 í upphafsgjald vegna atvinnuhúsnæðis á eignarnámslandinu.

Meðalgöngustefnandi hefur ekki leigt út lóðir undir atvinnuhúsnæði og miðar því við gjaldskrá stefnda Kópavogsbæjar frá árinu 2007. Bærinn krafði í leigu kr. 85,30 pr. fermetra í atvinnuhúsnæði sem gerir á ársgrundvelli kr. 1.706.000 á ári og á 70 árum kr. 119.420.000 fyrir hverja 20.000 fermetra. Samtals fyrir alla 60.000 fermetrana eru tapaðar leigutekjur kr. 358.260.000. Við framreikning leigunnar til núvirkis er nauðsynlegt að taka tillit til þess að leigan verðbætist og hækkar árlega til samræmis við vísitölu neysluverðs. Að liðnum 70 ára leigutíma er komið að endurnýjun leigusamninganna og þarf því að reikna með leigutekjum lengur en upphaflegt leigutímabil við mat á tjóni meðalgöngustefnanda.

Þegar land í eignaumráðum einkaaðila er skipulagt ber að afhenda viðkomandi sveitarfélagi endurgjaldslausan afnotarétt fyrir land til vegagerðar, opin svæði og opinbera þjónustu við íbúa. Þó aldrei meira en sem svarar 1/3 af því landi sem fer undir lóðir. Miðað við það falla um 43,3 ha. niður sem arðberandi land svo gera megi götur, opin svæði skóla og annað í þágu íbúanna sem þar munu búa. Um þetta var mælt fyrir í 24. gr. þágildandi laga nr. 73/1997 sbr. nú 39. gr. laga nr. 123/2010. Af sömu lagafyrirmælum leiðir að breytist landnot ber sveitarfélaginu að skila afnotarétti til landsins til þess sem eignaumráðin hefur. Af því leiðir að land sem ekki nýtist undir götur og annað beinlínis tengt íbúabygðinni fellur aftur í umráð rétthafans.

Alls voru teknir 274,4 ha norðan Heiðmerkur og af þeim fara 173.3 ha undir íbúðabygð og tengd not. Þá fara sex ha. undir atvinnuhúsnæði. Eftir standa 95,1 ha. sem meðalgöngustefnandi missir afnotarétt yfir og er á því byggt að hæfilegt sé að miða bætur fyrir missi umráða og afnotaréttar yfir því svæði við leigugjald kr. 62,13 pr. fermetra pr. ár. Bætur vegna þess reiknast þá svo: 951.000 fermetrar x 62,13 í leigu pr. ár sem gerir samtals kr. 59.085.631 og á 70 árum kr. 4.135.994.100.

Vegna missis afnotaréttar af 580 ha svæði sunnan Heiðmerkur miðar meðalgöngustefnandi við leigusamning sem hann gerði 17. apríl 2002 við einkahlutafélagið Vatna ehf. og sem Kópavogsbær yfirtók með sérstökum samningi 22. maí 2002. Í fyrsta lagi tók Kópavogsbær á leigu land undir brunnsvæði allt að 30-80 ha. að stærð og skyldi leigugjaldið vera kr. 9.980 pr. ha. á ári, verðtryggt miðað við grunnvísitölu neysluverðs 221,8 stig. Brunnsvæðið varð á endanum 227 ha. innan eignarnámslandsins þegar svæðisskipulagi vatnsverndar var breytt árið 2007 eftir að eignarnám hafði farið fram. Leigugjaldið í janúar 2007 reiknast kr. 12.009,29 sem miðað við 227 ha. gerir kr. 2.726.109 og miðað við 70 ára leigutíma reiknast leiga af 227 ha. spildu fyrir brunnsvæði kr. 190.827.630.

Til viðbótar leigu pr. ha. skuldbatt Kópavogsbær sig til að greiða meðalgöngustefnanda í leigu 1 kr. pr. tonn af vatni sem sveitarfélagið nýtti á ári úr brunnsvæðinu frá 1. janúar 2014. Leigugjaldið vegna vatnsins var verðtryggt og miðaði við sömu vísitölu og leigugjaldið fyrir brunnsvæðið ofanjarðar eða 221,8 stig. Leiga fyrir vatnsnot fyrir árabilið frá 2005-2013 var greidd með eingreiðslu af hálfu Kópavogsbæjar í formi kaupverðs hlutabréfa í einkahlutafélaginu Vatna ehf. sem upphaflega leigði landið undir brunnsvæði.

Uppreiknað til vísitölu í janúar 2007 var leigugjald pr. tonn kr. 1,203 og er í kröfugerð meðalgöngustefnanda miðað við 22.090.000 tonn á ári (700 sekúndulítra) sem gerir í árlegar leigutekjur kr. 26.574.270 og miðað við 70 ára leigu reiknast tapaðar tekjur vera kr. 1.860.198.900. Miðað er við 700 lítra á sekúndu þar sem umsókn Kópavogsbæjar um stækkun vinnsluleyfis byggði á því. Einnig er vísað til þess að Kópavogsbær hefur afsalað Reykjavíkurborg hluta eignarnámslandsins sunnan Heiðmerkur og sótti Reykjavíkurborg um vinnsluleyfi fyrir sömu vatnsnot úr eignarnámslandinu.

Loks er gerð krafa um bætur fyrir missi afnotaréttar af þeim 357 ha sem ekki voru þegar leigðir út sem brunnsvæði. Miðað við sama leigugjald eru tapaðar leigutekjur á ári kr. 4.287.316 og til 70 ára reiknast tapaðar leigutekjur vera kr. 300.112.157.

Þá er á því byggt að við mat á tjóni meðalgöngustefnanda verði að reikna með því að réttindin bera arð um ókomna

tíð. Ekki sökum þess að meðalgöngustefnandi sé eilífur, heldur sökum þess að réttindin sem hann er sviptur eru ævarandi kvöð á jörðinni Vatnsenda. Jörðin Vatnsendi er það sem kalla má þjónandi eign fyrir óbein eignaréttindi meðalgöngustefnanda og þeirra sem njóta munu réttar skv. erfðaskránni eftir hans dag og þurfa handhafar beins eignaréttar að sæta þeirri kvöð um aldur og ævi.

Samandregið reiknast heildarvirði óbeinna eignaréttinda meðalgöngustefnanda svo:

Vegna norðan Heiðmerkur	274,4 ha.	Rauntölur 2007	jan. Núvirðing réttinda
Upphafsleigugjald vegna 2.700 íbúða		kr. 27.000.000.000	25.098.930.409
Upphafsleigugjald vegna atvinnuhúsnæðis		kr. 858.000.000,-	797.5688.233
Lóðaleiga vegna lóða undir 2.700 íbúðir		kr. 5.653.830.000	1.762.508.110
lóðaleiga vegna atvinnuhúsnæðis		kr. 358.260.000	111.674.760
Afnotamissir vegna 95,1 ha		kr. 4.135.994.100	1.289.342.471
Samtals		kr. 37.148.084.100	29.060.043.984
Vegna 580 ha sunnan Heiðmerkur			
Leiga undir brunnsvæði		kr. 190.827.630	59.486.596
Leiga af landnotum neðanjarðar (vatnsból)		kr. 1.860.198.900	579.666.352
Leiga af öðru landi		kr. 300.112.157	92.505.588
Samtals		kr. 2.351.138.687	731.658.536
Heildarvirði reiknast vera		kr. 39.148.084.100	29.791.702.520

Við útreikning á heildarvirði óbeinna eignaréttinda meðalgöngustefnanda er miðað við núvirðingu miðað við ávöxtunarkröfu HFF44(skuldabréf Íbúðalánasjóds) fyrir opnun markaða 30. janúar 2007 sem var 4,35 %. Upphafsleigugjald er núvirt miðað við 10 ára tímabil og að það hækki um 3 % að raunvirði á ári. Lóðaleiga er núvirt miðað við 70 ára leigutíma og ávöxtunarkröfu HFF44 fyrir opnun markaða 30. janúar 2007 4,35 %. Áskilinn er réttur til að miða við aðra ávöxtunarkröfu og óendanleika í tíma, verði niðurstaða matsmanna sú að önnur reikningsaðferð við núvirðingu sé rökréttari.

Meðalgöngustefnandi gerir ekki kröfur um eignarnámsbætur vegna eignarnámsgerða sem áttu sér stað meðan faðir hans hafði eignaumráð jarðarinnar. Meðalgöngustefnandi byggir á því að eignarnámsbætur vegna þeirra eignarnáma hafi verið að fullu greiddar réttum viðtakanda sem var Magnús faðir hans.

Meðalgöngustefnandi hefur lagt fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að staðreyna fjártjón sitt vegna missis þeirra óbeinu eignaréttinda sem honum eru áskilin sem erfingja skv. erfðaskrá Magnúsar Einarssonar

Hjaltested. Matsmenn voru dómkvaddir á dómþingi í máli nr. E-1362/2014 þann 18. október 2016. Meðalgöngustefnandi áskilur sér rétt til að breyta kröfugerð sinni eftir því sem niðurstaða matsgerðar sem beðið er eftir gefur efni til.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 121/2016 er sönnunarbyrði lögð á meðalgöngustefnanda fyrir því hvert sé eðli og umfang óbeins eignaréttar yfir jörðinni Vatnsenda “sem skyldi koma í hlut Sigurðar Kristjáns og nánar greindra ættingja Magnúsar Einarssonar Hjaltested í erfðaskrá þess síðarnefnda frá árinu 1938”. Úrlausn þess ræðst fyrst og fremst af skýringu á ákvæðum erfðaskrárinnar þ.e. orðskýring. Þá er til þess að líta að Hæstiréttur hefur í dómum sínum í málum nr. 110/1967, 99/1968, 117/1968, 50/2000, 701/2013 og 751/2014 tekið afstöðu til efnis erfðaskrárinnar og mælt fyrir um um hvernig hana beri að skýra. Líta verður til þess hvað vitað sé um vilja arflátans sjálfs og hvað fyrir honum vakti með gerð erfðaskrárinnar, svo hún geti haldið gildi sínu og verði framkvæmd eins og frekast er unnt.

Í erfðaskránni felst einkaréttur til hagnýtingar jarðarinnar: Í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested er í b lið 1. gr. mælt fyrir um skyldu (og rétt) arftaka til að búa á jörðinni Vatnsenda. Í þessu erfðaskrárákvæði felst einkaréttur til að búa á jörðinni og hagnýta hana, en í erfðaskránni segir “hann skal búa á jörðinni”. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 110/1967 var niðurstaða skiptaréttar Kópavogs um einkarétt erfingjans Magnúsar S. Hjaltested til umráða og búsetu á jörðinni Vatnsenda staðfest. Í úrskurðarorði skiptaréttar sagði að föður meðalgöngustefnanda sé “áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda í Kópavogskaupstað með þeim takmörkunum og skilmálum sem settir eru í arfleiðsluskra Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds dagsettri 4. janúar 1938”.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 117/1968 var komist að þeirri niðurstöðu að búseta ekkju Sigurðar Kr. Hjaltested jörðinni og hagnýting hennar á jörðinni stæði í vegi fyrir réttindum Magnúsar S. Hjaltested til jarðarinnar og var henni gert að vikja af jörðinni vegna þess. Í dómi fögetaréttar Kópavogs sem Hæstiréttur staðfesti segir: “...er augljóst að gerðarbeiðandi á rétt til að taka jörðina til ábúðar og hagnýtingar. Seta gerðarþola á jörðinni stendur í vegi fyrir þessum rétti hans, og ekkert er fram komið í málinu um, að takmarkanir eða skilmálar í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested hindri að hann taki rétt sinn”.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 99/1968 var staðfest úthlutunargerð skiptaráðanda þar sem Magnúsi S. Hjaltested voru afhent, “umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda með því, sem henni fylgir og fylgja ber, ...” Hæstiréttur hefur skýrt erfðaskránnar svo að um einkaafnotarétt sé að ræða sem taki til hagnýtingar húsa og allra landgæða jarðarinnar, þ.e. þess sem fylgir og fylgja ber jörðinni.

Mikilvægt er að hafa í huga við skýringu þessara dóma að úrskurðir skiptaréttar byggðu á því að um víðtækan afnotarétt væri að ræða sem Magnúsi S. Hjaltested var áskilinn og síðar úthlutað. Lýsing á efni afnotaréttarins kemur fram í bréfi skiptaráðanda til skattstjórans á Reykjanesi frá 15. ágúst 1969 þar sem segir að með úthlutun jarðarinnar “...fylgdu að sjálfsögðu tekjur jarðarinnar svo sem leigugjöld og endurgjöld veiðileyfa”. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 701/2012 var því slegið föstu að í ákvörðun skiptaráðanda um afhendingu jarðarinnar til Magnúsar S. Hjaltested hafi falist úthlutun óbeinna eignaréttinda. Skiptaráðandi tiltók engar eignarheimildir í ákvörðun sinni sem væru eftir á hendi db. Sigurðar Kr. Lárussonar Hjaltested, enda jörðin afhent

Magnúsi með því sem fylgir og fylgja ber.

Þar sem erfðaskráin leggur ríkar skyldur á herðar þeim sem hefur umráð og afnot jarðarinnar verður arfleiðsluviljinn ekki ætlaður annar en að arftaki hafi hagnýtingar og arðsrétt af öllu því sem jörðinni fylgir og fylgja ber. Eðli beins eignaréttar stendur því ekki í vegi að lagðar séu á hann þær kvaðir að afnotaréttarhafi njóti einn óskoraðs umráða og afnotaréttar yfir öllum hlunnindum jarðeignar. Ekkert er því t.a.m. í vegi að arftaki leigi út veiðirétt í Elliðavatni í einu lagi, í stað þess að selja veiðileyfi sjálfur. Meðalgöngustefnandi leigði út landspildu undir brunnsvæði og til vatnstöku á hinu eignarnumda landi sem fellur innan heimilda hans til að leigja út lóðir úr landi jarðarinnar og hagnýtingarréttar hans á landgæðum. Ekkert er því í vegi að sá vilji arflátans Magnúsar Einarssonar Hjaltested, nái fram að ganga, að arftaki sem skylt sé að búa á jörðinni hafi hagnýtingarrétt allra hlunninda á sinni hendi. Umráða- og afnotaréttur arftaka skv. erfðaskránni útrýmir afnotarétti handhafa beins eignaréttar og mögulegra viðsemjenda þeirra til jarðarinnar.

Samkvæmt 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004 merkir landbúnaður “hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu sem tengist slíkri starfssemi”. Þessi skilgreining núgildandi laga á hvað teljist búskapur fellur vel að vilja arflátans um víðtækan hagnýtingarétt hvers erfingja réttindanna.

Í erfðaskránni felst einkaréttur til að stofna og framselja óbein eignaréttindi (leigurétt) úr óræktuðu landi Vatnsenda og hafa af fasteigninni tekjur: Samkvæmt c lið 1. gr. erfðaskrárinnar má arftaki skipta landinu og selja á leigu lóðir undir hús, leikvelli eða annað úr óræktuðu landi jarðarinnar. Ræktað land Vatnsenda var í tíð arflátans túnkriki í kringum bæjarhúsið og er það landsvæði enn í eignarumráðum meðalgöngustefnanda. Fyrir gerð erfðaskrárinnar tilheyrði jörðinni sláttúitak á Elliðavatnsengjum en sá réttur fór endanlega forgörðum 1932 þegar vatni var varanlega veitt á engjarnar vegna virkjunar Elliðaáa. Skráði arfleifandi af því tilefni í dagbók sína þá að þá hafi verið kveðinn upp dauðadómur yfir búskapnum á Vatnsenda.

Hið eignarnumda land sem meðalgöngustefnandi var sviptur umráða og afnotarétti yfir er allt úr óræktuðu landi jarðarinnar og er allt undirorpið afnota og útleigurétti meðalgöngustefnanda skv. 1. mgr. b liðar 1. gr. og c lið 1. gr. erfðaskrárinnar. Í erfðaskránni er ekki að finna bann við útleigu lands sem hefur að geyma jarðefni eða önnur hlunnindi jarðarinnar. Skilyrði erfðaskrárinnar er aftur á móti að leiguverð endurspegli það sem teljist hæfilegt á hverjum tíma. Er það augljóslega sett með hagsmuni síðari arftaka í huga. Skýrt er kveðið á um það í erfðaskránni að leigutekjur skuli greiða til arftaka samkvæmt erfðaskránni “hver sem hann verður”. Með dómi Hæstaréttar í máli 99/1968 var föður meðalgöngustefnanda afhent fasteignin Vatnsendi með því sem henni fylgdi og fylgja bar til umráða og afnota “...og hafa þessi réttindi upp frá því ekki verið á hendi dánarbúsins” eins og segir í dómi Hæstaréttar frá 5. mars 2015 í máli nr. 751/2014.

Í erfðaskránni felst réttur til að krefja um og semja um bætur fyrir landspjöll: Samkvæmt 2. gr. erfðaskrárinnar er það arftaka að krefja um og semja um bætur fyrir landspjöll. Er það rökrétt þar sem landspjöll á jörðinni af völdum þriðja

aðila skerða umráða og afnotarétt arftakans og bera honum fullar bætur fyrir. Eigandi beins eignaréttar hefur hvorki umráða- né afnotarétt að landi Vatnsenda og sætir kvöð um endurgjaldslausan afnotarétt réttthafa skv. erfðaskránni um aldur og ævi.

Umráða og afnotaréttur getur einungis fallið til arftaka samkvæmt erfðaröð erfðaskrárinnar: Samkvæmt fyrirmælum erfðaskrárinnar, einkum 3. gr. 4. gr. og 6 gr., getur umráða og afnotaréttur yfir jörðinni einungis fallið til arftaka skv. erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 751/2014 segir að því verði hvergi fundinn staður í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested að útlagning umráða- og afnotaréttar geti af nokkurri ástæðu gengið til baka og þau runnið aftur til dánarbúsins.

Magnús S. Hjaltested tók yfir áhvilandi veðskuldir á jörðinni og greiddi þær upp: Við andlát Sigurðar Kr. Lárussonar Hjaltested voru eftirfarandi veðskuldir áhvilandi á jörðinni:

Veðréttur	Útgáfudagur	Upphafleg fjárhæð	Veðhafi
1	11. desember 1947	35.000	Byggingasjóður
2	23. júlí 1957	35.000	Veðdeild Búnaðarbankans
3	21. september 1962	30.000	Búnaðarbanki Íslands
4	29. janúar 1964	35.000	Stofnlánadeild Landbúnaðarins

Magnús S. Hjaltested tók yfir og greiddi upp veðskuldir áhvilandi jörðinni Vatnsenda. Fyrir liggur afrit af bréfi skiptaráðanda til lögmanns Magnúsar S. Hjaltested frá 30. apríl 1968 þar sem lagt er fyrir umbjóðanda lögmannsins að greiða afborgun áhvilandi veðkröfu við Búnaðarbankann. Að skiptaráðandi leggi fyrir Magnús S. Hjaltested að greiða áhvilandi veðskuldir sem hvíla á jörðinni sýnir hve viðtækum eignarheimildum var úthlutað til hans með dómi Hæstaréttar frá 30. maí 1969.

Þorsteinn Hjaltested missir verðmæt réttindi af völdum eignarnámsins sem njóta lögverndar: Meðalgöngustefnandi á rétt til bóta fyrir missi óbeinna eignaréttinda til jarðarinnar Vatnsenda sem eru í hans eigu. Almenna reglan er sú að eignarnámsþoli á rétt á sölu- eða markaðsverði nema mat á grundvelli notagildis leiði til hærri niðurstöðu. Með söluverði er átt við það verð sem fæst fyrir réttindi á frjálsum markaði, innan hæfilega langs sölutíma og að því gefnu að kaupandi sé kunnugur markaðsverði sambærilegra eigna á svipuðum slóðum. Með notagildi er átt við þann arð sem eignin getur gefið af sér á ársgrundvelli að teknu tilliti til endingartíma og vaxta. Verðmæti óbeinna réttinda meðalgöngustefnanda liggja fyrst og fremst í einkarétti til að leigja út lóðir undir hús leikvelli og annað og hafa af landinu þær tekjur sem þannig má hafa af því. Ætla má að notagildi gefi hærri niðurstöðu en söluverð þar sem við mat á notagildi er ekki litið til þess afsláttar sem upplýstur kaupandi myndi ætlast til að fá í svo stórum viðskiptum.

Við mat á fjártjóni meðalgöngustefnanda ber að meta þær eignarheimildir sem hann á samkvæmt erfðaskránni og er sviptur af völdum eignarnámsins með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Að óbeinn eignaréttur meðalgöngustefnanda er öruggur og byggir á traustri eignarheimild (erfðaskrá). Meðalgöngustefnandi getur varið þennan rétt sinn gagnvart yfirgangi annarra og leitað atbeina yfirvalda og dómstóla í því skyni.
2. Einkagildis óbeina eignaréttarins (útrýmir afnotarétti annarra, er fullkominn einkaréttur)
3. Meðferðargildis óbeina eignaréttarins (einkaréttur til að ráðstafa óbeinum eignaréttindum á leigu og hafa af þeim ráðstöfunum arð).
4. Varanleiki réttindanna (óbeinu eignaréttindin geta aldrei fallið til núverandi eiganda beins eignaréttar og ganga í arf til elsta sonar meðalgöngustefnanda).
5. Væntingarvirði réttar til að leigja út lóðir undir hús leikvelli og annað miðað við landfræðilega legu hins eignarnumda lands (nálægð við byggð, samkeppni á vegum Kópavogsbæjar árið 2007 um rammaskipulag fyrir byggð á 274,4 ha eignarnámssvæði og land þegar verið leigt undir vatnsból).

Eftir að eignarnám hefur verið ákveðið er eignarnemi kominn í stöðu tjónvalds og eignarnámsþoli í stöðu tjónþola. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms skulu öll takmörkuð réttindi afnumin, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Í þessu felst að við mat á tjóni eiganda beins eignaréttar ber að líta til þess að tjón hans getur aldrei orðið meira en sem svarar til verðgildis þeirra eignarheimilda sem hann hafði á sinni hendi þegar eignarnám fór fram. Samkvæmt 2. mgr. 10 gr. laga nr. 11/1973 skal tilgreina sérstaklega bætur til annarra réttthafa en eigandans og er almenna reglan sú að bótagreiðsla til eiganda óbeinna réttinda lækki greiðslu til eigandans um sömu fjárhæð. Meginreglan um skiptingu bóta byggir á því að eignarnemi á ekki að greiða tvöfaldar bætur og þeirrar lögverndar sem óbeinn eignaréttur nýtur skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 121/2016 var því slegið föstu að meðalgöngustefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því hve viðtæk réttindi hans til jarðarinnar Vatnsenda eru og er undir þeirri sönnunarfærslu komið hvert fjártjón hans er af völdum eignarnámsins. Eins og afnotaréttur meðalgöngustefnanda útrýmir afnotarétti eiganda beins eignaréttar, takmarkar bótagreiðsla fyrir afnotarétt bótagreiðslu fyrir missi beins eignaréttar.

Almenn sjónarmið um virði óbeinna eignaréttinda meðalgöngustefnanda í janúar 2007, bann við tvígreiðslu bóta: Yfirleitt fellur ákvörðun um eignarnám nálægt því tímamarki þegar eignarnámsheimild er veitt. Í þessu máli var heimild til eignarnáms veitt 10. janúar 2007, ákvörðun um eignarnám var tekin 23. janúar 2007 og eignarnámsgerðin er dagsett 30. janúar 2007. Er á því byggt að miða eigi bætur fyrir missi óbeinna eignaréttinda meðalgöngustefnanda við verðgildi þeirra í janúar 2007.

Allt hið eignarnumda land var undirorpið afnotarétti meðalgöngustefnanda sem hafði samkvæmt erfðaskránni heimild til að hluta hið eignarnumda land niður í lóðir og leigja þær út á markaðsverði hvers tíma. Um það verður ekki deilt að um þennan rétt er kveðið berum orðum í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested. Með eignarnámi Kópavogsbæjar í janúar 2007 var eigandi beins eignaréttar ekki sviptur rétti til að leigja landið út og hafa af því arð. Sá réttur var ekki á hendi dánarbús Sigurðar Kr. Lárussonar Hjaltested, heldur meðalgöngustefnanda.

Hið eignarnumda land skiptist að grunni til í tvo hluta, annars vegar 274,4 ha. land norðan Heiðmerkur sem tekið var eignarnámi undir íbúðabyggð. Með eignarnáminu var meðalgöngustefnandi sviptur rétti til að hluta landið niður og leigja það út undir hús leikvelli og annað. Bera honum fullar bætur fyrir þennan missi. Fræðimenn hafa talið þá reglu gilda að ekki eigi að taka tillit til þess í hvaða skyni eignarnemi ætlar að nota hið eignarnumda. Sú regla er sett eignarnámsþola til hagsbóta, þar sem eignarnema væri ella í lófa lagið að halda því fram við ákvörðun eignarnámsbóta hann muni ekki nýta landið með arðberandi hætti. Nálægð byggðar við hið eignarnumda landsvæði réttlætir væntingar meðalgöngustefnanda í þá veru að leigja hafi mátt landið undir hús, leikvelli og annað. Þá verður ekki fram hjá því litið að á árinu 2006 gerði stefndi Kópavogsbær samninga við Garðabæ um afléttingu vatnsverndar af öllu landi Vatnsenda norðan Heiðmerkur. Gekkst sveitarfélagið í umtalsverðar fjárskuldbindingar gagnvart Garðabæ í því skyni og vann breytingatillögu á svæðisskipulagi vatnsverndar í október/nóvember 2006 þar sem allt land Vatnsenda norðan Heiðmerkur var tekið úr eiginlegri vatnsvernd. Það hefur að mestu gengið eftir og eru í dag einungis ca. 33 ha. úr eignarnámslandinu norðan Heiðmerkur undir vatnsvernd.

Hins vegar var um að ræða 580 ha. lands sunnan Heiðmerkur sem tekið var eignarnámi til útivistar, til að tryggja vatnsvernd og öflun neysluvatns fyrir sveitarfélagið. Á þessu svæði hafði meðalgöngustefnandi leigt út landspildu undir vatnstöku til einkahlutafélags í hans eigu. Með sérstökum samningi eignaðist eignarnemi einkahlutafélagið og tók yfir skyldur samkvæmt leigusamningi við meðalgöngustefnanda. Um er að ræða verðmætan og arðberandi samning til langs tíma. Allir 580 ha voru undirorpni rétti meðalgöngustefnanda til umráða og hagnýtingar og ber að greiða meðalgöngustefnanda fullar bætur fyrir missi þeirra réttinda.

Á það er bent að sama landsvæði verður ekki á sama tíma notað í ósamrýmanlegum tilgangi og er með því átt við að eigandi afnotaréttar viðhefur ekki eigin not á landi sem hann hefur leigt öðrum undir byggingalóðir. Bætur skal miða við þau not sem gefa eiganda réttindanna hærri niðurstöðu og í tilviki meðalgöngustefnanda er það afdráttarlaust réttur til að leigja landið út. Að baki liggur sú röksemd að eignarnema verður aldrei gert að greiða tvöfaldar bætur fyrir eignarnumið land. Af sömu ástæðu leiðir að bætur til meðalgöngustefnanda vegna missis réttar til útleigu lóða (væntingaverð), takmarkar rétt eiganda beins eignaréttar til eignarnámsbóta. Tveir aðilar geta ekki leigt út sama land eða hagnýtt það á sama tíma (nema um sameign sé að ræða). Meðalgöngustefnandi hefur þinglýsta heimild fyrir rétti sínum til hagnýtingar og þar með talið útleigu lóða úr hinu eignarnumda landi sem er kvöð sem eigandi beins eignaréttar þarf að þola án nokkurs endurgjalds.

Einnig leiðir meginreglan um að eignarnema verði ekki gert að greiða bætur tvisvar sinnum fyrir sama land til þess að greiðsla bóta til meðalgöngustefnanda útilokar að sama skapi greiðslu eignarnámsbóta til eiganda kvaðabundins beins eignaréttar. Sama land verður ekki notað á sömu stundu undir leigulóðir fyrir hús og aðrar ósamrýmanlegar landsnytjar. Land er takmörkuð gæði, og þó land megi almennt heimta aftur úr hendi réttthafa til annarra nota er Vatnsendi bundinn þeirri kvöð að afnotaréttur meðalgöngustefnanda til landsins getur aldrei gengið til baka. Þegar eignarnámsgerðin fór fram gat eigandi beins eignaréttar ekki hagnýtt sér landið sjálfur og ekki heldur leigt út lóðir undir hús, leikvelli og annað.

Afnotaréttur sem meðalgöngustefnandi ráðstafar með samningi til þriðjamanns fellur aftur til eiganda afnotaréttar í lok samningstímans, en ekki eiganda beins eignaréttar. Meðalgöngustefnandi hefur lagt fram matsbeiðni í því skyni að færa sönnur á fullt verð þeirra óbeinu eignaréttinda sem hann missti af völdum eignarnáms Kópavogsbæjar í janúar 2007. Er matið unnið samhliða matsgerðum sem verið að að vinna að beiðni stefnanda í aðalsök í héraðsdómsmálinu nr. E-1362/2014 annars vegar og stefnda í aðalsök sama máls hins vegar.

Sáttargerð um eignarnámsbætur frá 30. janúar 2007: Af hálfu meðalgöngustefnanda er á því byggt að forsendur séu brostnar fyrir því greiðslufyrirkomulagi sem samið var um í sáttargerð um eignarnámsbætur frá 30. janúar 2007. Sáttargerðin hefur ekki verið efnd og bóta er krafist í stað efnda in natura. Stefndi í aðalsök, Kópavogsbær, hefur viðurkennt að hann geti ekki enn afhent þær byggingalóðir sem hann lofaði að afhenda meðalgöngustefnanda í maí / júní 2008. Þá afturkallaði stefndi í aðalsök aðrar lóðaúthlutanir til meðalgöngustefnanda sem úthlutað hafði verið úr hinu eignarnumda landi. Eftir stendur að samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 12. nóvember 2015 í máli nr. 706/2015 er sáttargerðin gild eignarnámsgerð samkvæmt 32. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þorsteini Hjaltested bera fullar bætur fyrir tap lögverndaðra eignaréttinda: Á því er byggt af hálfu meðalgöngustefnanda að honum beri fullar bætur fyrir missi eignaréttinda sem honum eru áskilin samkvæmt erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested frá 4. janúar 1938 og njóti lögverndar. Á því er byggt að um viðtæk óbein eignaréttindi sé að ræða og við mat á eðli þeirra og inntaki verði að horfa til þess að réttindin byggja á erfðaskrá. Við túlkun erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltested verður samkvæmt meginreglu erfðaréttar sem áréttuð er í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 751/2014 að skýra erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested til samræmis við vilja arfleiddanda eftir því sem helst verður ráðið og einnig svo að hún geti haldið gildi sínu og verði framkvæmd eins og frekast er unnt.

Stefnubirting í lögbirtingablaði: Stefna á hendur stefnda Sigurði Kristjáni Hjaltested, er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi Sigurður Kristján er með skráð lögheimili í útlöndum skv. Þjóðskrá Íslands og er því með óþekkt heimili. Stefndi Guðmundur Gíslason er skráður með lögheimili í Svíþjóð skv. Þjóðskrá Íslands, en heimili hans er óþekkt í Svíþjóð. Stefna er birt í Lögbirtingablaði á hendur stefnda Guðmundi með vísan til 1. mgr. 89. gr., sbr. 90. gr. laga nr. 91/1991 fari svo að yfirvöld í Svíþjóð neiti að birta stefnuna eftir þeim reglum sem þar gilda um birtingu fyrir manni sem hefur óþekkt heimilisfang.

Vísan til helstu lagaákvæða: Meðalgöngustefnandi vísar til 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, til meginreglna erfðaréttar um skýringu og túlkun erfðaskráa, til meginreglna eignaréttar um efni og eðli eignaréttinda, til meginregla eignaréttar um afnotarétt og réttarstöðu eiganda afnotaréttar. Meðalgöngustefnandi vísar til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 11/1973 og til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands lög nr. 33/1944.

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram öll skjöl héraðsdómsmálsins E-1362/2014 sem dskj. nr. 3 og nr. 4

yfirlit yfir framvindu skipta í dánarbúi Finnborgar Bettý Gísladóttur.

Áskilnaður: Meðalgöngustefnandi áskilur sér rétt til að hafa uppi frekari málsástæður og leggja fram frekari gögn eftir því sem tilefni gefst undir rekstri málsins.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Elísu Finnsdóttur kt. 170989-2019, Gerðhömrum 7, Reykjavík, Róbert Fragapane kt. 280770-3539 Sörhallet 13, 4309 Sandnes í Noregi persónulega og fyrir hönd db. Finnborgar Bettýjar Gísladóttur kt. 040345-3539 sem síðast var til heimilis að Kleppsvegi 64, Reykjavík, Gísla Finnssyni kt. 221187-2539, Skúlagötu 46, Reykjavík, Guðmundi Gíslasyni kt. 261047-3659, með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð, Hansínu Sesselju Gísladóttur kt. 110343-2139, Tryggvagötu 6, Reykjavík, Karli Lárusi Hjaltested kt. 300663-4869, Kleppsvegi 144, Reykjavík, Margréti Margrétardóttur kt. 011155-2439, Monte Farias, Goldra de Cima, 8005-487 Faro, Portugal, Markúsi Ívari Hjaltested, kt. 020744-3169, Háholti 4, Mosfellsbæ, Sigríði Hjaltested, kt. 040451-4639, Præstevejen 21, Vind, 7500 Holstebro, Danmörku, Sigurði Kristjáni Hjaltested kt. 050262-4139, með óþekkt heimilisfang í útlöndum, og Ármanni Kr. Ólafsyni kt. 170766-5049, Marbakkabraut 38, Kópavogi, bæjastjóra Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, Fannborg 2, Kópavogi, fyrir hönd bæjarins, til þess að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 26. apríl 2017 kl. 9.00 árdegis til þess þar og þá að skjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þau búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst 3 sólarhringar, nema gagnvart stefndu Róberti Fragapane, Guðmundi Gíslasyni, Sigurði Kristjáni Hjaltested, Margréti Margrétardóttur og Sigríði Hjaltested en stefnufrestur gagnvart þeim ákveðst einn mánuður.

Reykjavík 6. desember 2016.
fyrir hönd Þorsteins Hjaltested,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2017003702

Útgáfud.: 24. febrúar 2017

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarlind 2, Kópavogi á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Mariusz Mieczysaw Dudek,
kt. 270379-2499,
Fífumóa 3d, Reykjanesbæ

Skiptafundur:

3. mars 2017,
kl. 14.00

Kópavogi, 21. febrúar 2017.

Pétur F. Gíslason hdl.

(2017004080

Útgáfud.: 24. febrúar 2017

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 19, Ísafirði á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Sædis ehf.,
kt. 591011-0730,
Sindragötu 1, Ísafirði

Skiptafundur:

13. mars 2017,
kl. 10.00

Ísafirði, 22. febrúar 2017.

Tryggvi Guðmundsson hdl.

(2017004085

Útgáfud.: 24. febrúar 2017

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Jónas Yngvason,
kt. 220568-5719,
Ártúni 6, Selfoss

Skiptafundur:

16. mars 2017,
kl. 10.00

Selfossi, 20. febrúar 2017.

Sigurður Sigurjónsson hrl.

(2017004103

Lögbirtingablað,

47. tölublað 2017.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.